


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	<b>Áfangaheiti (SÁLF2SP05) fjarnám</b>	
<b>Námsáætlun vor 2017</b>		

<b>Kennari</b>	Jónína Margrét Guðbjartsdóttir (jonina@vma.is)	<b>Sk.st.</b>	JMG
----------------	--	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Áfanginn fjallar um þroskaferil manneskjunnar allt frá fæðingu til grafar. Sérstaklega er tekinn fyrir þroski tilfinninga, félagslegra samskipta, hugsunar og greindar. Áhersla er lögð á þroska sjálfsmyndarinnar og hvernig hún mótast með aldrinum. Einnig verður vikið að þroskahömlum og þær skoðaðar út frá líffræðilegu og sálfræðilegu sjónarhorni. Nemendur æfa sig í að skoða eigin þroska út frá mismunandi þroskakeningum og greina þá þætti sem hafa mótað þá í lífinu. Nemendur fá æfingu í að rökræða álitamál eins og barneignir tánunga, fóstureyðingar eða starfslok. Mótunaráhrif fjölskyldu og vina verða skoðuð og komið inn á vandamál barna og unglunga. Viðfangsefnin geta verið breytileg og mótast af áhuga nemenda. Áhersla á að tengja verkefnið reynsluheimi nemenda, auka víðsýni hans, rökhugsun, sjálfstæði og öguð vinnubrögð.

### Markmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Þroska mannsins út frá sálfræðinni
- helstu hugtökum og kenningum þroskasálfræðinnar
- framlagi þroskasálfræðinnar til samfélagsins

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita almennum og sértækum vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum til að miðla þekkingu sinni
- beita skapandi hugsun við lausnamiðað nám
- greina upplýsingar og setja í fræðilegt samhengi
- miðla fræðilegu efni skýrt og skilmerkilega í ræðu og riti.

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- afla upplýsinga, vinna úr rannsóknargögnum og leggja á þau mat
- sýna frumkvæði að raunhæfum lausnum
- nýta fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli
- meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýnninn hátt
- taka þátt í rökræðum um málefni sem tengjast þroskasálfræðinni


### Námsgögn:

*Þroskasálfræði. Lengi býr að fyrstu gerð.*

Höfundar: Aldís Unnur Guðmundsdóttir

Útgefandi: Mál og menning Reykjavík, 2007

Ýmis gögn sem kennari leggur til hverju sinni.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>Áfangaheiti (SÁLF2SP05) fjarnám</b>	<b>Námsáætlun vor 2017</b>
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

### Áætlun um yfirferð:


Vika	Efni
5-6	
30.jan.-10. feb.	2. kafli: Þroskasálfræði verður til og 3. kafli: Líkamsþroski og kynslóðabreytingar
7-8	
13.-24. feb.	4. kafli: Greind og vitsmunir. Próf/verkefni á moodle (2. og 3. kafli). Smáverkefni 1
9	
27.feb.-3. mars.	6. kafli: Mál og máltaka Próf/verkefni á moodle (4. kafli)
10-11	
6.-17. mars..	7. kafli Félagsmótun. Próf/verkefni á moodle (6. og 7. kafli). Smáverkefni 2
12-13	
20.-31. mars.	8. kafli. Geðtengsl. Próf/verkefni á moodle (8. kafli)
14-16	
3. -21. apríl.	9. kafli. Geðræn vandamál barna. Skil á heimildaritgerð
17	
24.-28. apríl.	Efni klárað og lokaskil á verkefnum. Smáverkefni 3
18	
2.-5. maí	Próf/verkefni á moodle (2.-9. kafli)

### Verkefni:


Nemendur taka þátt í umræðum á moodle þar sem hver og einn hefur máls á tveimur málefnum úr köflum bókarinnar og svo tjá þeir sig um málefni sem aðrir í hópnum hafa valið og umræðum frá kennara. Umræðurnar eiga að hefjast um leið og önnin hefst og þar til hún er búin. Fjögur verkefni úr köflunum verða á önninni og þrjú smáverkefni. Eitt verkefni verður í lok annar úr öllum köflum bókarinnar. Nemendur gera eina heimildaritgerð um ákveðið efni úr 9. kafla.

### Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Umræður	Umræður um efni kaflanna.		20%
Heimildaritgerð	Byggð á efni úr 9. kafla. Geðræn vandamál barna		30%
Kaflaverkefni	Fjögur kaflaverkefni (5% hvert)		20%
Smáverkefni	Þrjú smáverkefni (5% hvert)		15%
Stórt verkefni	Verkefni í gegnum moodle með stórum og stuttum spurningum		15%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>
<b>Annað:</b> Til þess að fá lokaeinkunn þarf að taka þátt og skila af sér öllum þáttum í námsmati.			

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>		
Útgáfa: 10			
Dags.: 23.02.2016	<b>Áfangaheiti (SÁLF2SP05) fjarnám</b>		
Höfundur: AMJ			<b>Námsáætlun vor 2017</b>
Samþykkt: SHJ			
Síða 3 af 3			

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn en mikilvægt er að nemendur skili öllum verkefnum. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara.

Dagsetning: 1.02.2017  
  
 Undirritun kennara

  
 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils